

Ed.

### **724. Framhaldsálit**

frá nefndinni í málinu:  
frumvarp til laga um váttrygging fyrir sjómenn.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, eins og það nú hefir verið samþykkt við eina umr. í Nd. og komist að raun um að háttv. Nd. hefir að eins eina breytingu á því gert.

Breytingin er við síðari meginmálslið 1. greinar, og er í því fólgin, að skyldan til að váttryggja líf hérlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á róðrabátum er látin ná, ekki aðeins til þeirra, er veiðarnar reka á sexrónum bátum og stærri, heldur og til þeirra er þær reka á fjórrónum bátum.

Nefndinni þykir engin frágangssök að aðhyllast breyting þessa, og ræður háttv. Ed. til að aðhyllast hana og samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 3. maí 1909.

Jens Pálsson,  
formaður.

Sigurður Stefánsson,  
skrifari og framsögumaður.

Eiríkur Briem.